



# Trans til framtíðar

Þjónusta og þróun málefna  
trans fólks

Skráning á:  
[landspitali.is/transtilframtidar](http://landspitali.is/transtilframtidar)

Transteymi LSH í samstarfi við Trans Ísland og Samtökin 78 efna til ráðstefnu um málefni trans fólks á Íslandi í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur,  
laugardaginn 14. september frá 10-17.

Tveir sérfræðingar á sviðinu Jamison Green (USA) og Annelou DeVries (Holland) hafa þegið boð um að halda erindi um þróun í heilbrigðisþjónustu við trans fólk og siðferðisleg málefni því tengdu.

Tilgangurinn með ráðstefnunni er að fræða heilbrigðisstarfsfólk, kennara og aðra sem koma að málefnum trans fólks í starfi sínu og gefa öllum tækifæri til að kynnast málaflokknum. Ráðstefnan er ekki síður ætluð trans fólk og aðstandendum þeirra. Ráðstefnan er öllum opin að kostnaðarlausu.

**Jamison Green** er bandarískur fyrrum formaður WPATH sem eru heimssamtök heilbrigðisstarfsmanna í málefnum transfólks og var fyrsti transmaðurinn til að gegna því hlutverki. Hann mun halda erindi um stefnu WPATH og nýjar Standards of Care sem eru í vinnslu, í samhengi við siðfræði og aðkomu heilbrigðisstarfsmanna að málefnum transfólks á Íslandi.

**Annelou DeVries** er hollenskur geðlæknir sem hefur rannsakað og meðhöndlað trans börn í Hollandi í mörg ár og birt margar rannsóknargreinar um efnið. Hún mun kynna meðferðina í Hollandi og segja frá mikilvægustu rannsóknum á sviðinu.

Á ráðstefnunni verða einnig fjölbreytt erindi flutt af Transteymi LSH, Samtökunum 78, Trans Ísland og fleirum.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri mun bjóða ráðstefnugesti velkomna.  
Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra setur ráðstefnuna og er verndari hennar.



Stjórnarráð Íslands  
Heilbrigðisráðuneytið